

**Fundargerð 3. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 1. mars 2013, kl. 9:30 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Pétur Jóhannsson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Berglind Kristinsdóttir, Júlíus J. Jónsson, Þorsteinn Gunnarsson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjanes)

**1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 lögð fram og samþykkt.

**2. Styrkur frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur ákveðið að veita jarðvangnum styrk að upphæð 400.000 kr. til þátttöku á ársfundi European Geoparks Network 2013.

**3. Bankaviðskipti félagsins**

Eggert og Berglindi veitt umboð til að hefja bankaviðskipti við Landsbankann hf.

**4. Jarðvangsvika í vor**

Samþykkt að jarðvangurinn standi fyrir jarðvangsviku dagana 9.-20. maí nk. Eggert lagði fram drög að dagskrá.

**5. Skilti og merkingar**

Eggert gerði grein fyrir fundi forsvarsmanna sveitarfélaga, Reykjanes jarðvangs, Ferðamálasamtaka Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjanes þar sem rætt var um skilti og merkingar á svæðinu.

**6. Stefnumótunarvinna**

Eggert og Þorsteinn lögðu fram hugmyndir um stefnumótunarvinnu fyrir jarðvanginn. Samþykkt að þeir haldi þeirri vinnu áfram í samvinnu við hagsmunaaðila.

**7. 100 gíga garðurinn**

Rætt um 100 gíga garðinn og aðkomu jarðvangsins að honum.

**8. Raungreinabúðir á Reykjanesi**

Eggert sagði frá fyrirhugaðri stofnun raungreinabúða á Suðurnesjum ætluðum nemendum úr efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Megin áherslan er á að laða að nemendahópa til styttri dvalar.

**9. Framtíð Reykjanesfólkvangs**

Róbert gerði grein fyrir afstöðu Grindavíkurbæjar til aðildar að Reykjanesfólkvangi.

**10. The 4th Global Geotourism Conference**

Ráðstefnunni sem vera átti á Reykjanesi 25.-28. ágúst nk. hefur verið aflýst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55.

Fundargerð ritaði: ESJ